



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS



Fuglaathugunarstöð  
Suðausturlands

Máí 2021

## Varpútbreiðsla skúms í Ingólfshöfða, Salthöfða og á Skeiðarársandi 2019

Lilja Jóhannesdóttir, Brynjúlfur Brynjólfsson & Björn Gísli Arnason



Varpútbreiðsla skúms í Ingólfshöfða, Salthöfða og á Skeiðarársandi 2019

© 2021 Náttúrustofa Suðausturlands  
Allur réttur áskilinn

Náttúrustofa Suðausturlands  
Nýheimum  
Litlubrú 2  
780 Höfn í Hornafirði  
Sími: 470 8060

Forsíðumynd: Skúmur sem situr sem fastast á hreiðri sínu í Ingólfshöfða. Ljósmynd: Lilja Jóhannesdóttir, 2019.

Lilja Jóhannesdóttir, Brynjúlfur Brynjólfsson & Björn Gísli Arnason (2021). Varpútbreiðsla skúms í Ingólfshöfða, Salthöfða og á Skeiðarársandi 2019. Náttúrustofa Suðausturlands. Höfn í Hornafirði. 8 bls.

Umbrot: Lilja Jóhannesdóttir  
Höfn í Hornafirði, Ísland, 25. Maí 2021  
ISBN : 978-9935-9417-9-4



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

Nýheimar, Litlubrú 2  
780 Höfn í Hornafirði  
www.nattsa.is

<b>Skýrsla nr</b> NattSA 2021-02	<b>Dagsetning</b> 25. maí 2021	<b>Dreifing</b> Opin
<b>Varpútbreiðsla skúms í Ingólfshöfða, Salthöfða og á Skeiðarársandi 2019</b>	<b>Fjöldi síðna</b> 8	
	<b>Fjöldi mynda</b> 1	
	<b>Verknúmer</b> 1610	
<b>Höfundar:</b> Lilja Jóhannesdóttir, Brynjúlfur Brynjólfsson & Björn Gísli Arnason		
<b>Styrkir:</b> Fuglaathuganarstöð Suðausturlands fékk styrk frá atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar.		
<b>Útdráttur</b> Kortlagning á varpi skúms ( <i>Stercorarius skua</i> ) á Breiðamerkursandi sumarið 2018 sýndi fram á verulega fækkun á svæðinu. Í kjölfarið vöknudu spurningar hvort staðan væri sú sama í nærlægum skúmsvörpum og því var varp í Ingólfshöfða, Salthöfða og á Skeiðarársandi kortlagt sumarið 2019. Kortlagningin sýndi að í samanburði við landsúttekt sem gerð var árin 1984-85 á varpútbreiðslu skúm hefur mikil fækkun átt sér stað á Skeiðarársandi. Ekki eru til nægilega ítarleg gögn til að gera samanburð við Salthöfða en hins vegar hefur skúmum fjölgað mikið í Ingólfshöfða.		
<b>Lykilorð</b> Skúmur, varp, kortlagning, Skeiðarársandur, Ingólfshöfði, Salthöfði.		

## Inngangur


Sumarið 2018 kortlögðu Fuglaathugunarstöð Suðausturlands og Náttúrustofa Suðausturlands skúmshreiður allt frá Fellsá á Breiðamerkursandi í austri að Salthöfða í vestri. Sú kortlagning sýndi að veruleg fækkun hafði orðið á fjölda fugla í varpi á svæðinu. Alls fundust 185 hreiður en þegar heildarvarpstofn skúms á Íslandi var metinn árin 1984-85 var talið að um 2820 pör verptu á sama svæði (Lund-Hansen og Lange 1991; Lilja Jóhannesdóttir og Kristín Hermannsdóttir 2019). Í kjölfarið færði Náttúrufræðistofnun Íslands skúm á válista þar sem tegundin er flokkuð í bráðri hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018). Það var því ljóst að mikilvægt væri að skoða stöðu skúms á fleiri svæðum til að meta hvort fækkunin væri staðbundin eður ei. Fyrir þetta verkefni voru hreiður kortlögð á svæðinu vestan Salthöfða, í Ingólfshöfða og á Skeiðarársandi. Við síðasta heildarmat skúmsstofnsins á Íslandi 1984-85 var áætlað að á Skeiðarársandi verptu á milli 1275-1418 pör en 4-6 pör í Ingólfshöfða (Lund-Hansen og Lange 1991). Svæðið vestan Salthöfða er ekki skilgreint sérstaklega í síðusta heildarmati heldur fellur undir stærra svæði svo ekki er hægt að tilgreina hve mörg pör voru þar á þeim tíma.

## Aðferðir

Þann 3. júní 2019 var farið í Ingólfshöfða og gengu tvö tveggja manna teymi skipulega yfir höfðann og hnitsettu skúmshreiður, einnig var klakstig mælt með vatnsprófi (Westerskov 1950; Ackerman og Eagles-Smith 2010). Þann 14. júní var farið um þekkt varpsvæði skúms á Skeiðarársandi. Þar voru gerðar 30 punktmælingar en Náttúrufræðistofnun Íslands gerði sambærilegar mælingar þar árið 2005 en einnig voru öll skúmshreiður sem fundust hnitsett. Vegna mjög fárra fugla á svæðinu var engin úrvinnsla gerð út frá punktmælingunum. Þann 17. júní var farið yfir svæði við Salthöfða og hreiður hnitsett.

## Niðurstöður

Alls fundust 147 skúmshreiður í Ingólfshöfða, 13% hreiðra voru með einu eggi, 87% með tveimur. Algengast var að fuglarnir höfðu lokið um helmingi álegu. Á svæðinu vestan Salthöfða fundust 16 hreiður, 56% voru með einu eggi, 44% með tveimur og á Skeiðarársandi fundust fimm hreiður. Klakstig var ekki metið á síðartöldu stöðunum.



Mynd 1 – Hvítu punktarnir sýna staðsetningar skúmsheiðra á Skeiðarársandi, Ingólfshöfða og vestan Salthöfða sumarið 2019. Rauðu hringirnir marka svæði þar sem leitað var heiðra.

23. júlí voru merktir 81 skúmsungi í Ingólfshöfða með stálmerkjum frá Náttúrufræðistofnun Íslands, aukalega sáust 4 ungar sem voru fleygir og náðist ekki til og 5 ungar voru of litlir til að fá merki. Þann 8. ágúst var svæðið við Salthöfða skoðað og sáust engir ungar og einungis fimm fullorðnir fuglar. Ekki var farið um Skeiðarársand að klaki loknu svo ekki er vitað neitt um örlög þeirra fimm heiðra þar.

## Umræður

Ljóst er að talsverðar breytingar hafa átt sér stað á varpi skúms á rannsóknarsvæðunum frá því að heildarvarpstofn skúms var metinn 1984-85. Þessar miklu breytingar á fjölda varppara á rannsóknarsvæðinu eru í takt við niðurstöðu mælinga frá Breiðamerkursandi sumarið 2018 en þá hafði orðið veruleg fækkun varppara á svæðinu. Í skýrslu sem kom út vorið 2019 á vegum Náttúrustofu Suðausturlands er í umræðum farið yfir nokkrar hugsanlegar ástæður þess og bendum við áhugasömum á að kynna sér það þar (Lilja Jóhannesdóttir og Kristín



Hermannsdóttir 2019). Hér verður varpað upp öðrum ástæðum sem gætu hafa valdið breytingum á varpstofninum á svæðunum sem voru skoðuð að þessu sinni.

Á Skeiðarársandi hefur orðið veruleg fækkun frá landsúttektinni sem gerð var 1984-85 en þá var metið að væru 1275-1418 varppör (Lund-Hansen og Lange 1991) en sumarið 2019 fundust einungis fimm hreiður. Það er þó vert að hafa í huga að aðferðinni sem var beitt við fyrri úttektina á Skeiðarársandi var nokkuð gagnrýnd en þá var flogið yfir svæðið og pör talin úr lofti. Skeiðarársandur er í eðli sínu nokkuð virkur og landið mótað af jökulám sem hlaða undir sig og breyta farvegi sínum. Slíkt getur breytt aðstæðum fuglanna að einhverju leiti og mögulegt að stórhlaup líkt og jökulhlaupið í kjölfar Gjálpargossins árið 1996 hafi skemmt einhver búsvæði skúmsins. Breytingar á farvegum jökuláa getur breytt aðgengi fyrir afræningja, s.s. tófu, en árið 2009 breytti Skeiðará farvegi sínum og fór að renna til vestur í Gígjukvísl. Við þær breytingar fór að verða vart við tófu á rannsóknarsvæðinu (Yann Kolbeinsson, munnleg heimild) sem hefur án efa haft einhver áhrif á afkomu skúms. Árið 2005 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands athugun á sama varpi og hér var athugað á Skeiðarársandi en þá fundust tæplega 100 varppör á svæðinu (Freydís Vigfúsdóttir, óbirt gögn).

Í Ingólfshöfða horfir dæmið þó allt öðruvísi við en þar hefur skúm fjölgað verulega frá níunda áratug síðustu aldar þegar metið var að 4-6 pör verptu þar (Lund-Hansen og Lange 1991). Þar hefur skúm verið að fjölga og sumarið 2019 fundust 147 hreiður í Ingólfshöfða. Erfitt er að segja til um hvað veldur því að staðan í Ingólfshöfða er gagnstæð því sem þekkist frá öðrum varpsvæðum skúms. Eitt er þó frábrugðið aðstæðum þar sem það eru daglegar mannaferðir í höfðann yfir varptímann á vegum ferðaþjónustufyrirtækis. Þó að mannaferðir séu líklegar til að valda stressálagi á skúmnum er líklegt að fælingarmáttur gegn afræningjum vegi upp á móti því. Í stjórnunar og verndaráætlun fyrir friðlandið Ingólfshöfða (2019) segir að: „ef tilefni er til þá mun sveitarfélagið Hornafjörður í samráði við Umhverfisstofnun halda ref í skefjum innan friðlandsins. Þar sem minkur er framandi ágeng tegund er stefnt að því að útrýma mink innan friðlandsins.“ Slíkar aðgerðir munu alltaf koma skúmnum í Ingólfshöfða til góða og gæti útskýrt betri stöðu þar.

Því miður var svæðið vestan Salthöfða er ekki skilgreint sérstaklega í síðusta heildarmati 1984-85 heldur féll þar undir stærra svæði svo nákvæmur samanburður er ómögulegur. Þessi gögn munu engu að síður nýtast til samanburðar í framtíðinni en mikilvægt er að halda áfram að fylgjast með skúmnum vegna viðkvæmrar stöðu hans.

Þakkir

Við kunnum Önnu Sigríði Valdimarsdóttur, Helgu Lucie Andrée Káradóttur, Yann Kolbeinssyni og Þóri Snorrasyni þakkir fyrir aðstoð í folti. Einnig þökkum við Öræfaferðum fyrir flutning á mannskap út í Ingólfshöfða og atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir stuðning við verkefnið.

## Heimildir

Ackerman, J.T., Eagles-Smith, C.A., 2010. Accuracy of Egg Flotation Throughout Incubation to Determine Embryo Age and Incubation Day in Waterbird Nests. BIONE.

Lilja Jóhannesdóttir og Kristín Hermannsdóttir 2019. Kortlagning skúmshreiðra á Breiðamerkursandi 2018. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, mars 2019. 14 bls.

Lund-Hansen, L.C., Lange, P., 1991. The numbers and distribution of the Great Skua *Stercorarius skua* breeding in Iceland 1984-1985., Acta Naturalia Islandica no. 34, Icelandic Museum of Natural History.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Válisti fugla 2018. Sótt 7. maí 2021 af:  
<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar>

Umhverfisstofnun 2019. Ingólfshöfði, Sveitarfélaginu Hornafirði, Stjórnunar- og verndaráætlun 2019-2028.

Westerskov, K., 1950. Methods for Determining the Age of Game Bird Eggs. The Journal of Wildlife Management 14, 56-67.